

**Aðalfundur Gígjunnar, landssambands íslenskra kvennakóra,
haldinn í Söngskólanum Domus Vox, laugardaginn 1.október 2016 kl 13:30**

Stjórnarkonur og varamenn Gígjunnar

Mættar:

Dagbjört Lára Ottósdóttir formaður
Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri
Bryndís Bjarnarson meðstjórnandi
Una Þórey Sigurðardóttir varamaður
Kolbrún Halldórsdóttir varamaður

Fjarverandi:

Þórhildur Kristjánsdóttir varaformaður
Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir ritari
Anna Lilja Ottósdóttir varamaður
Margrét Bóasdóttir verndari Gígjunnar

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Heklurnar; Guðlaug Ásgeirsdóttir
Kvennakór Akureyrar; Una Þórey Sigurðardóttir
Kvennakór Hornafjarðar; Bryndís Bjarnarson
Kvennakór Reykjavíkur; Astrid Sörensen, Jóhanna Lind Jónsdóttir, Kolbrún
Halldórsdóttir, Rósa Kristín Benediktsdóttir
Kvennakór Suðurnesja; Helga Hrönn Ólafsdóttir, Sigurjóna Björk Andrésdóttir
Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur; Dagbjört Lára Ottósdóttir, Særún Ármannsdóttir
Kvennakórinn Ymur; Hrafnhildur Skúladóttir
Kyrjurnar; Petra Jónsdóttir, Þorbjörg Guðjónsdóttir
Senjórítukórinn; Áslaug Benediktsdóttir, Elísabet Þórðardóttir, Erla Eggertsdóttir
Vox Feminae; Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir
Kvennakór Ísafjarðar (Á skype); Lína Björk Tryggvadóttir,
Þuríður Katrín Vilmundardóttir.

Dagskrá aðalfundar

- 1.Skýrsla stjórnar
- 2.Reikningar
- 3.Umræða um skýrslu og reikninga
- 4.Tillögur og lagabreytingar
- 5.Ákvörðun árgjalds
- 6.Kosning formanns
- 7.Kosning stjórnar og varamanna
- 8.Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- 9.Önnur mál

Dagbjört formaður setur fundinn og leggur til að Bryndís Bjarnason verði fundarstjóri og Una Þórey Sigurðardóttir verði ritari. Tillagan er samþykkt og Bryndís tekur við fundarstjórn. Gerð er tillaga um breytingu á dagskrá, fyrsti dagskrárliðurinn verði kynning á 11. landsmóti íslenskra kvennakóra. Fundargestir samþykkja breytinguna.

1. Kynning á 11. landsmóti íslenskra kvennakóra sem fram fer á Ísafirði dagana 11.-14.maí 2017

Kynningin fór fram í gegn um skype og um hana sáu þær Lína Björk Tryggvadóttir formaður Kvennakórs Ísafjarðar og Þuríður Katrín Vilmundardóttir úr landsmótsnefnd. Kynningunni var vel tekið og eru konur mjög spenntar fyrir landsmótinu. Nú þegar eru 8 kórar búnir lýsa yfir áhuga. Þó er ljóst að langar vegalengdir og skortur á stórum gistiplássum munu hafa áhrif á fjölda þátttakenda. Nokkur umræða skapaðist um samgöngur, bæði til og frá Ísafirði en einnig milli mótssvæðis og gististaða. Búið er að stofna fésbókarsíðu fyrir mótið og upplýsingar varðandi skráningu, kostnað, smíðjur og fleira berast fljótlega til aðildarkóra Gígunnar.

2. Skýrsla stjórnar.

Dagbjört Lára Ottósdóttir formaður flytur skýrslu stjórnar:

Kæru fundarkonur,

Aðalfundur Gígunnar 2015 var haldin laugardaginn 17 okt hér í þessum húsakynnum.

Á fundinum var kosin ný stjórn. Anna Lilja Ottósdóttir frá Kvennakór Hornafjarðar gekk úr aðalstjórn og tók sæti í varastjórn og inn í hennar stað kom Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir úr Kvennakór Akureyrar. Að öðru leiti var stjórn skipuð líkt og árið á undan og skipti þannig með sér verkum:

Dagbjört Lára Ottósdóttir úr Kvennakórnum Léttisveit Reykjavíkur tók við formennsku af Þórhildi Kristjánsdóttir frá Kvennakór Hornafjarðar sem er varaformaður, Guðlaug Ásgeirsdóttir Kvennakórnum Hekklunum er gjaldkeri, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir ritari og Bryndís Bjarnason úr Kvennakór Hornafjarðar meðstjórnandi. Varamenn voru Una Þórey Sigurðardóttir úr Kvennakór Akureyrar og Kolbrún Halldórsdóttir Kvennakór Reykjavíkur. Vefstjóri Gígunnar var Aðalheiður Gunnarsdóttir Kvennakór Suðurnesja.

Á vormánuðum sagði Anna Breiðfjörð sig úr stjórn og við tók varamaður hennar Una Þórey. Þá lét Aðalheiður einnig af störfum fyrir Gígjuna. Báðum þessum konum eru þökkun og góð viðkynning.

Fundað var nokkuð reglulega sl ár, bæði á símafundum og skype. Þó verður að segjast að fésbókin er notuð óspart til skoðanaskipta og upplýsinga sérstaklega í ljósi dreifðrar búsetu stjórnarkvenna. Það gefst ágætlega og mörg mál hreinsuð af borðinu á svoleiðis örfundum.

Gulla lagðist í víking í byrjun febrúar á þessu ári og hélt til Finnlands til fundar við okkar ágætu kollega í Nordisk Damekorsværk NDN sem hún segir okkur frá hér á eftir.

Stjórn hélt mjög svo fínan vinnufund á vormánuðum en þá komum við allar saman einn laugardag og ræddum málefni Gígunnar og framtíðarsýn okkar á samtökunum. Þess má geta að aðild akórar sambandsins eru nú 27 talsins og meðlimir okkar rúmlega 1000.

Eitt af því sem stjórn ræddi á þessum fundi var veiting heiðurviðurkennigar. Stjórn var sammála um að leggja af heiðurviðurkenningar og hvetur aðildakórana sína til að leita inn á við og heiðra eða hylla kórkonur innan sinna raða því það eru frábærar konur í öllum kórum.

Rætt var um Tónverkasjóð og farið yfir reglur sjóðsins. Rætt var m.a um hvort hægt væri að sækja um styrk til SFH Samtök flytjanda og höfunda, en þau samtök úthlutuðu stofnstyrk í Tónverkasjóð. Guðlaugu var falið að ath það mál. Þá liggja fyrir fundinum breytingar á reglum sjóðsins sem verður tekin fyrir á eftir.

Einnig var rætt um styrki og tekjuöflun Gígunnar.. Nú er búið að leggja niður Menningasjóð Hlaðvarpans sem var aðalstyrktarhafi til menningarstarfs kvenna og þarf því að finna aðrar leiðir til að finna styrki. Var Þórhildi og Bryndísi falið það verkefni að kanna þá möguleika. Sú vinna er enn í gangi.

Að lokum var farið yfir lög Gígunnar:

Umræður sköpuðustu m.a um hvort hlutverk Gígunnar væri að efla starfsemi kvennakóra eða efla samstarf kvennakóra almennt og var stjórn sammála því að hlutverkið væri einmitt efling samstarfs. Væri gaman að heyra frá ykkur á eftir hvaða augum þið lítð á þetta hlutverk. (Við leggjum til að lög sambandsins verði tekin til endurskoðunar.)

Einnig var rætt um undirbúning kvennakórsmóta og tölverðar umræður urðu um landsmótsutanumhaldið. Er það gerlegt að leggja á kvennakóra að halda landsmót og eru þeir fjárhagslega nógu sterkir til að gera það? Þarf að breyta utanumhaldi landsmóta? Þarf að breyta landsmótunum? Þetta eru spurningar sem við þurfum að svara og gott að fá smá innpútt frá ykkur kæru konur, hvernig þið sjáið þetta fyrir ykkur. Stjórn ræddi einnig að kannski er of stutt á milli móta og langar að leggja til að landsmót verði haldin á 4 ára fresti.

Kæru þið, meinngin var að halda hér formannsfund í tengslum við aðalfund, en ekki tókst að fá nægilega marga formenn til að koma hingað svo ásættanlegt væri. Við teljum að þessi hugmynd sé góð og hún nái vonandi brautargengi þó ekki hafi það verið núna. Það er mjög gott fyrir formenn að hittast og bera saman bækur, án þess að það sé eingöngu á landsmótum á þriggja ára fresti. Það hlítur að vera forvitnilegt fyrir formann kórs að vita hvað aðrir eru að gera og með hvað hætti starfsemin er. Svo ég vona að þetta sé hugmynd sem aðrir grípi og komi í framkvæmd.

Ég vil að lokum þakka ykkur fyrir komuna, þakka aðildakórum Gígunnar fyrir ánægjulegt samstarf sem svo sannarlega mætti vera meira og við vonandi stefnum að í framtíðinni. Ég held að framtíð Gígunnar sé björt ef við náum samtöðu um framgang og vöxt hennar, ef við göngum í takti, sátt og samlyndi.

Takk fyrir ☺

3. Reikningar:

Guðlaug gjaldkeri kynnir og fer yfir reikninga Gígunnar.

4. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.

Gjaldkeri greinir frá vanskilum á félagsgjöldum. Það hafi gengið illa að innheimta félagsgjöld frá aðildarkórum og enn séu sjö kórar í vanskilum þrátt fyrir ítrekanir.

Spurt var um endurgreiddan styrk 2016. (kr 250 000)

Gjaldkeri útskýrir að þetta hafi verið styrkur vegna tónleika sem voru fyrirhugaðir í Hörpu (100 ára afmæli kosningaréttar kvenna) en voru ekki haldnir og styrkurinn því endurgreiddur.

Rósa, Kvennakór Reykjavíkur spyr af hverju kostnaður við aðalfund sé einn stærsti kostnaðarliðurinn. Skýring á því er leiga á sal, heiðursviðurkenningar og fleira.

Sigurbjörg, (Vox femine) spyr af hverju hætt sé að veita heiðursviðurkenningu Gígunnar.

Formaður svarar að það séu hæfar konur í öllum kórum og erfitt fyrir stjórn Gígunnar að gera upp á milli tilnefninga. Eðlilegast sé því að beina því til kóranna að heiðra þá konu sem hefur unnið vel fyrir sinn kór þegar tilefni er til. Þetta þurfi hins vegar ekki að vera endanlegt og má endurskoða síðar, það er heiðursviðurkenningu Gígunnar.

5. Tillögur og lagabreytingar

Lagðar voru fram tillögur um breytingar á skipulagsskrá tónverkasjóðs. Tillögurnar voru sendar með aðalfundarboði. Breytingarnar voru samþykktar og sjá má skipulagsskrá ásamt breytingum hér að neðan. Breytingar eru rauðletraðar.

Heimili

Heimili og varnarþing Tónverkasjóðs Gígunnar er í Reykjavík.

Heimili og varnarþing Tónverkasjóðs Gígunnar er lögheimili formanns Gígunnar hverju sinni.

Stofnendur og fjármagn

Stofnendur sjóðsins eru aðildarkórar Gígunnar, landssambands íslenskra kvennakóra, á stofnfundi hans í október 2008. Stofnfjárhæð er 420.000 kr. sem Gígjan fékk úthlutað úr sjóði SFH fyrir árin 2006 og 2007.

Frekari úthlutun úr sjóði SFH skal ganga óskert til Tónverkasjóðs Gígunnar.

Setning fari út

Sjóðurinn skal ávaxtaður á bankabók í SPRON, sem ber hæstu vexti hverju sinni.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á bankabók Gígunnar.

Markmið og tilgangur

Markmið og tilgangur Tónverkasjóðs Gígunnar er að efla og styrkja íslenska kvennakóra. Til að ná þessu markmiði mun Tónverkasjóður Gígunnar fá tónskáld til að semja verk fyrir kvennakóra landsins. Þannig mun sjóðurinn efla fjölbreytni og úrval tónlistar sem kvennakórar eiga kost á að flytja. Gert er ráð fyrir að kórnir flytji verkið hverju sinni, hver í sinni sveit á svipuðum tíma, t.d. í kringum 24. október (afmæli kvennafrídagsins), 8. mars (alþjóðlegur baráttudagur kvenna), 19. júní (afmæli kosningaréttar íslenskra kvenna) eða um jól og páska.

Markmið og tilgangur Tónverkasjóðs Gígunnar er að styrkja tónsmíðar fyrir íslenska kvennakóra. Tónverkasjóður Gígunnar getur að eigin frumkvæði fengið tónskáld til að semja verk fyrir kvennakóra og aukið þannig fjölbreytni og úrval tónlistar fyrir kvennakóra. Aðildarkórar Gígunnar hafa heimild til að flytja þessi verk, að vild. Aðildarkórar geta sótt um styrk í Tónverkasjóð Gígunnar til að taka þátt í kostnaði við tónverk sem þeir hafa frumkvæði að t.d. í tengslum við Landsmót kvennakóra eða önnur tilefni. Aðildarkórurum er heimilt að flytja tónverk sem styrkt hafa verið af Tónverkasjóði Gígunnar eftir að kórinn sem lét semja verkið hefur frumflutt það.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka þátt í kostnaði við tónverk sem aðildarkór Gígunnar hefur frumkvæði að, komi fram ósk um slíkt, enda verði verkið öðrum aðildarkórurum Gígunnar frjálst til flutnings um leið og verkið hefur verið frumflutt. Kostnaðarhlutur sjóðsins skal í þeim tilvikum þó aldrei vera hærri en 33% af kostnaði við tónverkið.

Stjórn Tónverkasjóðs Gígunnar ákvarðar upphæð styrks. Styrkur má aldrei vera hærri en sem nemur 33% af kostnaði við tónverkið.

Stjórn

Í stjórn Tónverkasjóðs Gígunnar skulu sitja stjórnarkonur og varastjórnarkonur Gígunnar, landssambands íslenskra kvennakóra, hverju sinni. Gjaldkeri stjórnar Gígunnar ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins í umboði stjórnar hans. Endurskoðendur reikninga Gígunnar skulu jafnframt vera endurskoðendur Tónverkasjóðs Gígunnar.

Breytingar

Skipulagsskrá Tónverkasjóðs Gígunnar er háð samþykki aðalfundar Gígunnar, landssambands íslenskra kvennakóra, og skulu tillögur að breytingum á skipulagsskránni fylgja skriflegu aðalfundarboði mánuði fyrir aðalfund. Komi til þess að Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra, verði lögð niður skal Tónverkasjóður Gígunnar jafnframt lagður niður og því fé sem þar kann að finnast skipt jafnt milli aðildarkóra Gígunnar.

Skipulagsskrá Tónverkasjóðs Gígunnar var samþykkt á aðalfundi sambandsins 18. október 2008.

Endurskoðuð skipulagsskrá Tónverkasjóðs Gígunnar var samþykkt á aðalfundi sambandsins 1.10.2016

Aðrar tillögur að lagabreytingum sneru að lögum Gígunnar og voru lagðar fram til umræðu. Umræddar málsgreinar eru rauðlitaðar. **2. grein laganna:**

2. grein

Markmið sambandsins er að:

- **Efla starfsemi kvennakóra. Stjórn leggur til að þessi málsgrein verði tekin út, hún sé í raun óþörf eða úrelt og megi fella út.**
- Efla samstarf kvennakóra landsins.
- Safna og miðla upplýsingum um starfsemi kvennakóra.
- Efla erlend samskipti.

Þessi tillaga að breytingu er samþykkt.

3. grein

Markmiðum sínum hyggst sambandið ná með því að:

- Halda úti vefsetri landssambandsins; gígjan.is
- Standa að fræðslufundum og námskeiðahaldi.
- **Aðstoða viðundirbúning kvennakóramóta á þriggja ára fresti. Stjórn leggur til að landsmót verði haldin á fjögurra ára fresti.**
- Efla tengsl við sambærileg sambönd erlendis.

Umræða um 3.málgrein 3. lagagreinar átti upphaflega að fara fram á fyrirhuguðum formannafundi sem boðað var til í tengslum við aðalfund. Töluverð umræða spannst um þessa tillögu. Dagbjört formaður ræddi ýmislegt varðandi landsmót, svo sem kostnað og utanhald. Rósa, Kvennakór Reykjavíkur, leggur til að þessari umræðu verði vísað til aðildarkóranna og athugað hvað konum þar finnst um þetta. Tillaga Rósu er samþykkt.

Að lokum leggur stjórn Gígunnar til að bætt verði við einni grein til viðbótar við núverandi lög: **Að haldinn skuli fundur með formönnum aðildarkóranna samhliða aðalfundi á hverju ári.** Markmið þess fundar væri að ræða málefni landssambandsins og kóranna almennt en til þess gefast alltof fá tilefni eða bara á landsmótum. Fundurinn yrði þá lögbundinn.

Rósa, Kvennakór Reykjavíkur, spyr um rökstuðning og er á móti því að þessi nýja tillaga verði sett í lög. Rósa leggur til að þessa tillögu ætti fremur að setja í reglugerð svo ekki verði kvöð á formönnum að mæta. Guðlaug gjaldkeri leggur þá til breytingatillögu við tillöguna um formannafundinn; **að gerð verði reglugerð í starfsreglum Gígunnar um að formannafundur verði haldinn um leið og aðalfundur.** Bryndís fundarstjóri leggur til að þessii tillöga að lagabreytingu verði vísað frá og lagt í hendur stjórnar að setja tillöguna inn í starfsreglur Gígunnar. Þetta er samþykkt af fundarkonum.

6. Ákvörðun árgjalds

Árgjald var hækkað í fyrra og er ekki talin ástæða til að hækka það nú. Samþykkt að árgjald verði óbreytt.

7. Kosning formanns

Dagbjört Lára Ottósdóttir gefur ekki kost á sér áfram sem formaður Gígunnar. Bryndís Bjarnason gefur kost á sér til formennsku og er kjörin með lófaklappi.

8. Kosning stjórnar og varamanna

Heilmiklar breytingar urðu á stjórn og varastjórn:

Guðlaug Ásgeirsdóttir gefur kost á sér áfram í stjórn.

Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir gekk úr stjórn á árinu og Una Þórey Sigurðardóttir varamaður kom inn í hennar stað.

Una Þórey gefur kost á sér áfram í stjórn.

Þórhildur Kristjánsdóttir hættir í stjórn.

Kolbrún Halldórsdóttir varamaður, gefur kost á sér í aðalstjórn
Petra Jónsdóttir, Kvennakórnum Kyrjunum gefur kost á sér í aðalstjórn
Anna Lilja Ottósdóttir hættir sem varamaður
Astrid Sörensen Kvennakór Reykjavíkur gefur kost á sér í varamaður
Jóhanna Lind Jónsdóttir Kvennakór Reykjavíkur gefur kost á sér sem varamaður
Allar voru kjörnar með lófaklappi.

9. Kosning tveggja skoðunsmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga eru Margrét Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og eru samþykktar.

10. Önnur mál

Samstarf norrænna kvennakóra, Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri

Guðlaug ræddi um norrænt kvennakórasamstarf og sagði frá ferð sinni til Finnlands á fund NTN, Nordisk Damekors Nätverk. Þar var fjallað um starfsemi norrænna kvennakóra og áhuga á að stofna samtök norrænna kvennakóra. Guðlaug og fundarkonur voru sammála um að lítið væri hægt að gera til að móta stefnu í þessum málum fyrr en fleiri lönd verða með en mismikil hefð er fyrir kvennakórum á norðurlöndunum. Þangað til ætti heldur að vinna í að byggja upp gott tengsla net norrænna kvennakóra fremur en að stofna samtök. Þessa dagana er haldið innanlands kóramót í Svíþjóð þar sem Kvennakór Garðabæjar tekur þátt í sem gestakór, spurning hvort einhverjar umræður skapist á mótinu eða í kjölfarið. Næsta mót sem vitað er um er fyrirhugað í Danmörk árið 2018. Nokkur umræða skapaðist um kóramót og voru fundarkonur sammála um að það væri mjög gaman á fjölþjóðlegum kóramótum. Guðlaug vill gjarnan fá upplýsingar um kóramót sem hafa verið haldin hér og nefnir að gaman væri að halda kóramót hér á landi árið 2023 – á 20 ára afmæli Gígjunnar Rósa, (Kvennakór Rvk.) vill meina að það þurfi að skerpa á okkar samtökum til að fá betri upplýsingar, nota netið meira í tengslamyndun og upplýsinga miðlun. Fundarkonur eru sammála um þörf á markvissari umræðu.

Ferð Kvennakórs Reykjavíkur á alþjóðlega kórameppni á Spáni.

Rósa Kristín Benediktsdóttir.

Rósa sagði frá velheppnaðri ferð Kvennakórs Reykjavíkur til Lloret de mar á Spáni þar sem kórinn tók þátt í alþjóðlegri kórameppni. Það er skemmst frá því að segja að kórnum gekk mjög vel og fékk gulldiplómu í öllum þeim flokkum sem hann tók þátt í. Rósa ræddi um hversu hvetjandi það væri fyrir kóra að hafa markmið að stefna að. Hún vildi einnig meina að það væri jafnvel skemmtilegra að taka þátt í keppnum heldur en að fara í tónleikaferðalög.

Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri leggur fram tillögu um að breyta verklagi við innheimtur á félagsgjöldum til Gígjunnar. Innheimtur gangi oft illa og leiðinlegt sé að vera sífellt í neikvæðum samskiptum. Tillagan felst í því að senda rukkun í heimabanka aðildarkóranna í stað þess að senda innheimtubréf eins og nú er gert.

Annað, aðildarkórarnir sendi félagatal kóranna til gjaldkera áður en félagsgjald er rukkað að hausti þar sem árgjald ræðst af höfðatölu

Samþykkt er að gjaldkeri sendi aðildarkórum beiðni um kennitölu og fjölda kórfélaga svo hægt sé að senda rukkun í heimabanka.

Einnig er nefnt að möguleiki sé að láta árgjald renna í tónverkasjóð. Það myndi auðvelda kórum að sækja styrki í tónverkasjóð. Þessi hugmynd ekki rædd frekar.

Meiri umræða varð um félagsgjöld Spurt er um félagsgjöld, hvort það sé sanngjarnt að fjölmennir kórar greiði meira í félagsgjöld til Gígjunnar en fámennir. Hvort ekki sé betra að vera með eitt gjald pr kór óháð fjölda meðlima. Nú er gjaldið 6000kr pr kór + 400kr pr hverja konu. Þetta rætt aðeins en fallist á að fjölmennari kórar ættu að afla meiri fjár í krafti fjöldans, svo sem félagsgjöld. Umræðunni er vísað til stjórnar og fyrirhugaðs formannafundar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundargestum er þakkað fyrir komuna og fundarsetuna.

Fundi var slitið kl 15:30

Fundarritari: Una Þórey Sigurðardóttir